

## FÉLAGSÞJÓNUSTA

RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella s. 487-8125

### Sérstakur húsnæðisstuðningur

Félagspjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu heldur utan um afgreiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings sem sveitarfélögum er skylt að greiða samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 76/2016. Sérstakur húsnæðisstuðningur kemur þá í stað sérstakra húsaleigubóta. Nánari upplýsingar um skilyrði fyrir samþykki umsóknar og fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings má sjá í reglum um sérstakan húsnæðisstuðning inn á heimasíðu Félagspjónustunnar, [www.felagsmal.is](http://www.felagsmal.is).

Sérstakur húsnæðisstuðningur felur einnig í sér stuðning við foreldra 15-17 ára námsmanna sem leigja herbergi á heimavist, námsgörðum hér á landi eða leiguhherbergi í íbúðarhúsnæði vegna náms fjarri lögheimili.

Íbúar í Mýrdalshrepp sækja um þann stuðning til sveitarfélags en umsóknar íbúa annarra sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu skulu berast til Félagspjónustunnar.

**Nýjar umsóknir þurfa að berast til Félagspjónustunnar  
eigi síðar en 15. þess mánaðar sem sótt er um.**

### Aðalfundur Landgræðslufélags Skaftárhrepps

verður haldinn 11 apríl kl. 20.30 á Hótel Klaustri.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mætir Árni Bragason landgræðslustjóri á fundinn og fer yfir það sem er efst á baugi í landgræðslustarfinu, s.s verkefni um vöktun og mat á gróðurauðlindum landsins. Einnig verður gerð grein fyrir landgræðsluáðgerðum í Skaftárhreppi.

Hvetjum sem flesta til að mæta  
Stjórnin

# VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum**

### Til sölu:

Passap prjónavél með mótör. Einnig svartur ullarjakki nr. 46  
Uppl. í sínum 487 4641 - 868 8106

### Páskaeggjábíngó

Æskulýðsnefnd Sindra ætlar að halda páskaeggjábíngó  
föstudaginn 14. apríl kl. 15:00 í Leikskálum



Hlökkum til að sjá ykkur  
Æskulýðsnefnd Sindra

### Minnum á aðalfund

Nautgriparéktarfélagssins Leiðólfs,  
föstudaginn 7. apríl kl. 13.00 á Hótel Klaustri

### Tannlæknir á Heilsugæslunni á Kirkjubæjarklaustri

Sonja Rut Jónsdóttir tannlæknir verður á heilsugæslunni á Klaustri 30. apríl til og með 1. maí 2017.

Tímappantanir eru á Heilsugæslunni í síma 432-2880

14. TBL. 22. ÁRGANGUR FIMMTUDAGINN 6. APRÍL 2017



## Kæru sveitungar og gestir.

Bingó verður í félagsheimilinu Kirkjuhvoli sumardaginn fyrsta, 20. apríl kl. 14.00.

Bingó og kaffihlaðborð að hætti okkar kvenfélagskvemma. Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps.

## Aðalfundur Eldvatna -

### samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi verður haldinn

Þriðjudaginn 18. apríl 2017 í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri.

Aðalfundurinn hefst kl. 20:00 með tveimur áhugaverðum fræðsluerindum. Aagot Óskarsdóttir lögfræðingur kynnir Lög um náttúruvernd nr. 60/ 2013, sem tóku gildi þann 1. júlí 2016.

Sigurður H. Magnússon gróðurvistfræðingur kynnir nýtt verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands Vistgerðir á Íslandi.

Eftir kaffihlé, um kl. 21:30, hefjast svo hefðbundin aðalfundarstörf.

Allir eru velkomnir á fundinn

Stjórn Eldvatna

## Helgihald í Víkurprestakalli

### Reyniskirkja í Mýrdal.

**Pálmásunnudagur 9. apríl, kl. 14:00.**

Organisti er Brian R. Haroldsson.

Almennur safnaðarsöngur.

### Eyvindarhólakirkja undir Eyjafjöllum.

**Skírdagur 13. apríl, kl. 13:30.**

**Fermingarmessa.**

Fermd verða:

*Ásgeir Heiðar Kristinsson,  
Raufarfelli 1, 861 Hvolsvöllur  
Sylvía Sigurðardóttir,  
Gilsbakka 3, 861 Hvolsvöllur*

Organisti er Brian R. Haroldsson.

Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða söng.

### Hjallatún í Vík

**Föstudagurinn langi, 14. apríl, kl. 13:00.**

**Helgistund**

Organisti er Brian R. Haroldsson.

Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða söng.

### Víkurkirkja í Mýrdal

**Lestur Passíusálma**

**Föstudaginn langa kl. 14:00 - 16:00.**

Eins og undanfarin ár verða valdir Passíusálmar lesnir í Víkurkirkju.

Kaffi á könnunni.

Brian R. Haroldsson leikur á orgelið milli lestra.

### Víkurkirkja í Mýrdal

**Páskasunnudagur, 16. apríl, kl. 08:00.**

**Hátíðarguðsþjónusta.**

Organisti er Brian R. Haroldsson.

Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða söng.

Viðstöddum boðið að þiggja morgunverð á prestssetrinu í Vík að lokinni athöfn.

### Skeiðflatarkirkja í Mýrdal

**Páskasunnudagur, 16. apríl, kl. 13:30.**

**Hátíðarguðsþjónusta.**

Organisti er Brian R. Haroldsson.

Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða söng.

### Stóra-Dalskirkja undir Eyjafjöllum.

**Páskasunnudagur, 16. apríl, kl. 16:00.**

**Hátíðarguðsþjónusta.**

Organisti er Guðjón Halldór Óskarsson.

Félagar úr kirkjukór Eyfellinga leiða söng.

### Víkurkirkja í Mýrdal.

**Sumardagurinn fyrsti, 20. apríl, kl. 13:00. Fermingarmessa.**

Fermdir verða:

*Sæmundur Örn Matthíasson,  
Suðurvíkurvegi 6, 870 Vík  
Bekan Máni Gíslason,  
Suðurvíkurvegi 2, 870 Vík*

Organisti er Brian R. Haroldsson.

Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða söng.

### Skógakirkja undir Eyjafjöllum

**Helgistund verður í safnkirkjunni í Skógum sumardaginn fyrsta, 20. apríl, kl. 20:30.**

Á eftir verður söngstund í gamla barnaskólahúsinu frá Litla Hvammi, líkt og undanfarin ár.

Haraldur M. Kristjánsson  
sóknarprestur í Vík



# Óskum eftir starfskrafti í Vík

Við leitum að jákvæðum, glaðlyndum og þjónustuliprum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

## Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Starfshlutfall er 65%. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Sakavottorðs er krafist.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ - DEKKING - ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

Umsóknir óskast fylltar út á [vinbudin.is](http://vinbudin.is). Umsóknarfrestur er til og með 18.04.2017.

Æskilegt er að viðkomandi að geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita Petra K. Kristinsdóttir ([vik@vinbudin.is](mailto:vik@vinbudin.is) - 486 8660) og

Guðrún Símonardóttir ([starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is) - 560 7700)

ÁTVR tekur 90 Víkubúðum um all land og er með störfum til þess óþrúðastíðs á Suðurlandi. Starfa ÁTVR er að samskiptum af þessu línu með því hafa umráðum og þjálfun á milli. Samtíðis er gífurlegt fjárfestni til að tryggja þessum til þessu, heilbrigði og samfélagslegu þess samfélagsins á þessum, þessum og á milli.



## ÚTBOÐ

Mýrdalshreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

**Austurhluti Víkurþorps - 2017**

Verklok eru: 15. september 2017

Verkið felur í sér nýbyggingu gatna í austurhluta Víkurþorps, þ.e. Sléttuveg og hluta Strandvegar. Einnig felur verkið í sér gerð hringtorgs á gatnamótum Sléttuvegar, Strandvegar og Austurvegi (Þjóðvegur nr. 1). Um er að ræða gröft á óburðarhæfu efni, útlagningu neðra burðarlags, gerð fráveitu og vatnsveitu, útlagningu efra burðarlags ásamt malbikun götu og gangstétta.

### Helstu magntölur eru:

|   |                             |                            |
|---|-----------------------------|----------------------------|
| - | <b>Gröftur á lausu efni</b> | <b>2700 m<sup>3</sup></b>  |
| - | <b>Neðra burðarlag</b>      | <b>13300 m<sup>3</sup></b> |
| - | <b>Fráveitulagnir</b>       | <b>1347 m</b>              |
| - | <b>Vatnsveitulagnir</b>     | <b>535 m</b>               |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 4. apríl 2017. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Ingibjörgu hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti á netfangið [utbod.sudurland@efla.is](mailto:utbod.sudurland@efla.is) og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Mýrdalshrepps Austurvegi 17, 870 Vík fyrir kl. 11:00 miðvikudaginn 19. apríl 2017, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórnin í Mýrdalshreppi

## Íþróttar og æskulýðsnefnd Skaftárhrepps

óskar eftir aðilum til að sjá um hátíðarhöld á Kirkjubæjarklaustri þjóðhátíðardaginn 17. júní gegn greiðslu.

Um er að ræða skruðgöngu og skemmtidagskrá.

Áhugasamir hafi samband við formann Íþróttar- og æskulýðsnefndar í tölvupósti á netfangið [bjarnibjarnason@live.com](mailto:bjarnibjarnason@live.com) fyrir 5. maí næstkomandi.

## Absinthe

**Oil painting art exhibition.**

Northern Lights in Kirkjubæjarklaustur. Opening- 16 of April 2017 at 4:30 PM ( 16:30 )

Location- Hótel Geirland in Kirkjubæjarklaustur, Iceland

Art exhibition will be held from 16 April 2017 to 16 June 2017

Agnieszka Weronika Majka - "Maja"

[ams@nclava.com](mailto:ams@nclava.com) 00354 7756844

## Absinthe

**Olíumálverkasýning**

Norðurljós á Kirkjubæjarklaustri. Opnar: 16.apríl 2017 kl 16:30

Staðsetning: Hótel Geirland Kirkjubæjarklaustur, Ísland

Sýningin verður haldin frá 16. apríl til 16. júní 2017.

Agnieszka Weronika Majka - "Maja"

[ams@nclava.com](mailto:ams@nclava.com) 00354 7756844

## Páskabingó Hestamannafélagsins Kóps

verður haldið í **Félagsheimilinu Kirkjuhvoli** laugardaginn fyrir páska, þann **15. apríl** nk. og hefst kl. **14:00**.

Góðir vinningar, t.d. páskaegg!! og margt, margt fleira.  
Spjaldið kostar 750 kr.

Hluti ágóðans rennur til styrktar góðu málefni.

**Ath. ekki posi á staðnum.**

Allir velkomnir.

Fjáröflunarnefnd Hestamannafélagsins Kóps.



## Íþróttamiðstöðin Kirkjubæjarklaustri

**Auglýsir.**

**Swimming pool and Gym**

**Open.**

**Opnunartími um Páska.**

|                   |                  |                  |                      |
|-------------------|------------------|------------------|----------------------|
| <b>Fimmtudag</b>  | <b>13. apríl</b> | <b>Skírdag</b>   | <b>11:00 - 20:00</b> |
| <b>Föstudagur</b> | <b>14. apríl</b> |                  | <b>Lokað</b>         |
| <b>Laugardag</b>  | <b>15. apríl</b> |                  | <b>11:00 - 20:00</b> |
| <b>Sunnudag</b>   | <b>16. apríl</b> | <b>Páskadag.</b> | <b>Lokað</b>         |
| <b>Mánudag</b>    | <b>17. apríl</b> |                  | <b>11:00 - 20:00</b> |

**Starfsfólk Íþróttamiðstöðvar**




Menningarmálastofnun  
Sameinuðu  
þjóðanna



Katla  
Hinatrænni jarðvangur  
UNESCO

PROUD PARTNER OF  
KATLA UNESCO  
GLOBAL · GEOPARK



## Hjörleifshöfðahlaup

Kötlum Jarðvangs, 22.04.2017 kl.11

Forskráning verður á **hlaup.is**. Forskráning á netinu er opin til kl. 20 föstudaginn 21. apríl. Einnig er hægt að skrá sig í Kötlusetri eða með því að senda tölvupóst á **beata@vik.is** til kl. 13 á föstudaginn.

Þátttökugjald 2500 kr fyrir fullorðna og 1500 fyrir börn yngri en 15 ára.

Að hlaupi loknu býður Víkurskáli/Ströndin þátttakendum í súpu og Mýrdalshreppur býður í sund.



*Ströndin*



## Firmakeppni Sindra 2017

Firmakeppni Sindra verður haldin á Sindravelli mánudaginn 17. apríl kl 13:00. keppt verður í polla, barna, unglunga, unghrossa, kvenna og karlaflokki

Skráning á netfangið [skasta15@gmail.com](mailto:skasta15@gmail.com)

**Skráningu lýkur kl 16:00 sunnudaginn 16. apríl.**

Mótanefnd verður á ferðinni að selja firma á næstu dögum og óskar eftir góðum viðtökum nú sem endranær.

Hlökkum til að sjá ykkur á firmakeppni  
Mótanefnd Sindra



## Sunnlendingar athugið !

Allar skrifstofur embættis Sýslumannsins á Suðurlandi verða lokaðar föstudaginn 21. apríl nk. vegna námsferðar starfsfólks.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



Mýrdalshreppur

## Uppbygging - snyrtilegt umhverfi

Kæru Mýrdælingar

Okkar fallega sveitarfélag er að verða einn af helstu ferðamannastöðum landsins og um leið er ferðapjónusta orðin okkar aðalvinnugrein. Hér var á síðasta ári um 7% fjölsfjölgun og áfram er mikil uppbygging í gangi bæði í byggingu verslunar- og þjónustuhúsnæðis, hótela og íbúðarhúsnæðis og einnig er talsverð aukning á fjölbreyttri afþreyingu fyrir ferðamenn. Allt kallar þetta á enn fleira fólk til starfa, sem styrkir samfélagið til framtíðar og möguleika ungs fólks á fjölbreyttri atvinnu.

Í farvatninu á þessu og næsta ári eru hér í Vík:

- \* Opnun 3800 m<sup>2</sup> verslunarmiðstöðvar við Icewear
- \* Bygging tveggja parhúsa við Austurveg 29 - 33
- \* Bygging nýs þjónustuhúss og endurbygging Hattarins á tjaldstæðinu
- \* Bygging 10 íbúða á lóðinni Sléttuvegur 4
- \* Bygging 10 íbúða á lóðunum Sléttuvegur 2 og 2a
- \* Bygging u.þ.b 60 herbergja hótels á lóðunum Sléttuvegur 1,1a og 3
- \* Bygging u.þ.b. 80 herbergja hótels á lóðunum Sléttuvegur 10 - 14
- \* Bygging 600 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæðis og eldsneytisafgreiðslu Olís á lóðinni Austurvegur 16
- \* Bygging Reiðhalla/hesthúss fyrir fjölþætta starfsemi íslenska hestsins að Smiðjuvegi 6
- \* Bygging nýs sjóvarnargarðs suður af aðstöðu Vegagerðarinnar og endurbygging eldri garðs
- \* Bygging nýrra gatna, Sléttuvegar og hluta Strandvegur
- \* Bygging nýrrar spennistöðvar Rarik við Víkurbraut 23

- \* Auk þess er verið að byggja 4 einbýlishús og búið að úthluta lóðum til byggingar 8 einbýlishúsa sem byrjað verður á innan 8 - 12 mánaða.
- \* Fyrirhugaðar eru svo byggingar á 15 íbúðum á lóðunum Sléttuvegur 6 og 8  
Í dreifbýlinu er líka ýmislegt í farvatninu:
- \* Unnið er að uppbyggingu gistiaðstöðu á Norður-Fossi þar sem byggt verður u.þ.b. 1000 m<sup>2</sup> gistiaðstaða á 7 byggingarreitum
- \* Viðbygging við Volcano hótél á Ketilsstöðum fyrir starfsmannaaðstöðu og þvottahús
- \* Bygging fjögurra 35 m<sup>2</sup> starfsmannahúsa í Þórisholti
- \* Viðbygging við Hótél Dyrhólaey u.þ.b. 350 m<sup>2</sup> starfsmannahús.

Örugglega er hér ekki allt upp talið. Sveitarfélagið okkar er í örur vexti og þessi þróun gerir ríkar kröfur til okkar allra um að taka vel á móti gestum okkar og hér verða allir að leggjast á eitt. Snyrtilegt umhverfi og góð umgengni á að vera okkar aðalsmerki, og sem betur fer er umgengni víða til sóma, en margt má betur fara.

Mig langar því til að biðja ykkur um aðstoð við að gera okkar fallega sveitarfélag enn ákjósanlegra fyrir okkur öll bæði heimamenn og gesti okkar. Eins og undanfarin ár er stefnt að lóðahreinsunardegi í sveitarfélaginu og er nú horft til laugardagsins 22. apríl ef veður leyfir, og verður það auglýst síðar. Hér eru víða til mikillar óþrýði númerslausir bílar, bílflök og margskonar drasl inni á lóðum bæði í iðnaðarhverfinu og við heimahús, sem þarf að koma í viðeigandi meðferð. Ég vil því biðja alla þá sem eiga eða hafa umsjón með þessu drasli um að koma því á gámasvæði sveitarfélagsins hið allra fyrsta. Hafi menn ekki kost á að koma þessum úrgangi á gámasvæðið sjálfir má leita til sveitarfélagsins um aðstoð.

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri

## Stórsýning sunnlenskra hestamanna

**Rangárhöllin - Hella - 13. apríl!**

Sýningin mun einkennast af fjölbreyttum atriðum, meðal atriða eru Vestur-Skaftfellskir heimsmeistarar í tólti sem koma fram saman!

Forsala miða á [www.tix.is](http://www.tix.is) og einnig selt í hurð. Miðaverð 2.500 kr.

Húsið opnar kl. 19:00 - Sýning hefst kl. 20:00 - Sjáumst í Rangárhöllinni!